

Snjalltrygging bætir tjón á hinu váttryggða lausafé sem verður vegna skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

**Váttryggður** er váttryggingartaki. Váttryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila svo sem veðhafa eða nýjan eiganda hins váttryggða.

**1. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Váttryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í allt að þrjú mánuði.

**2. gr. Hvað fellur undir trygginguna?**

Váttryggingin tekur til tjóns á snjalltækjum, tölvum, reiðhjólum og rafhlaupahjólum í eigu váttryggðs.

**3. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Váttryggingin bætir beint tjón á hinu váttryggða af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks sem ekki er undanþegið í skilmálum þessum. Bætur greiðast vegna ráns eða innbrotspjófnaðar úr læstri hirslu eða húsnæði, enda séu ótvíræð ummerki á vettvangi um innbrotið. Þjófnaður á reiðhjólum eða hlaupahjólum er bættur hafi hjólið tryggilega verið læst við fastan hlut. Þjófnaður úr íbúðarhúsnæði er bættur þótt ekki hafi verið um innbrot að ræða enda hafi íbúðin ekki verið mannlæs.

**4. gr. Undanþágur**

Váttryggingin bætir ekki tjón:

- Sem stafar af eðlilegu sliti, galla, rangri samsetningu, ónógu viðhaldi eða innri bilunum, svo sem vélrænum bilunum.
- Sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins váttryggða.
- Sem verður þegar váttryggður munur er mislagður, gleymist, týnist eða er skilinn eftir á almannafæri.
- Vegna þjófnaðar sem verður á annan hátt en fram kemur í 3. gr.
- Á hugbúnaði eða rafrænum gögnum.
- Af völdum hita- og/eða rakabreytinga, myglu eða sveppagróðurs.

**5. gr. Varúðarreglur**

Fylgja skal leiðbeiningum framleiðanda eða seljanda um hirðu, notkun, álag eða viðhald váttryggðra hluta. Dyr, gluggaop og önnur op inn á þann stað sem hið váttryggða er geymt skulu vera tryggilega læst. Lyklar að útidyrum, bílskúrum, geymslum og lásnum reið- og hlaupahjóla skulu vera geymdir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.

**6. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?**

Bætur greiðast jafnan á grundvelli verðs á nýjum sams konar hlut. Frá bótum dragast mánaðarlegar afskriftir vegna aldurs og notkunar sem eru tiltekin prósentu af verði nýs hlutar. Ekkert er afskrifað fyrstu 6 mánuði eftir kaup hlutar og síðan er hann afskrifaður um 2% mánaðarlega. Nánari reglur um afskriftir eru í meðfylgjandi töflu.

	Fjöldi mánuða án afskrifta:	Mánaðarlegar afskriftir eftir það:	Hámarksfrádráttur
Váttryggðir munir	6	2,00%	90%
Tölvur og spjalddölvur	6	2,00%	90%
Reiðhjól og rafhlaupahjól	6	2,00%	70%

Skilmálar þessir gilda frá 12. maí 2023